



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

LESSKIMUN 2017

NIÐURSTÖÐUR ÚR LESSKIMUN Í 2.BEKK Í
GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR VORIÐ 2017



Ásgeir Björgvinsson
Guðrún Edda Bentsdóttir
Október 2017

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	3
Aðferð.....	5
Niðurstöður.....	7
Samantekt.....	14
Nýting niðurstaðna.....	14
Heimildaskrá.....	17

INNANGUR

Tilgangur þeirrar lesskimunar sem þessi skýrsla fjallar um, er að fá heildarmynd af lestrargetu nemenda í Reykjavík við lok 2. bekkjar og gera kennurum og skólum kleift að setja sér markmið um framfarir nemenda með samanburði við stærri heild. Þannig er æskilegt að nota niðurstöður lesskimunarinnar sem tæki í árangursstjórnun í lestri sem tekur mið af stöðu og árangri hvers nemanda. Einnig er tilgangurinn að móta viðmið til að nota við ákvörðun um sérkennslu í lestri við upphaf 3. bekkjar og nýta þannig mannafla og fjármagn til sérkennslu sem best.

Að þessu sinni tóku 30 af 31 almennum grunnskóla þátt í lesskimuninni og 2 af 6 sjálfstætt starfandi skólum. Heildarfjöldi skólanna sem þátt tóku var því 32 af 38 skólum með 2. bekk.

MIKILVÆGT AÐ FYLGJAST MEÐ FRAMFÖRUM

Í stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2016 er málþroski, læsi og lesskilningur í leik- og grunnskólum einn af fimm umbótaþáttum sviðsins. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar í sameiginlegri aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011. Í aðalnámskrá grunnskóla – greinasviðum frá 2013 segir um nám og kennslu í lestri og bókmenntum (bls. 99): „Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem að einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst“. Skóla- og frístundaráð samþykkti árið 2015 tillögur fagráðs um læsi þar sem m.a. er gert ráð fyrir að markvisst sé fylgst með framförum grunnskólanemenda í umskráningu, lesfimi og lesskilningi svo hægt sé að aðlaga kennsluna að þörfum einstakra nemenda og grípa til aðgerða ef framfarir láta á sér standa. Ætlast er til að skólar geri áætlun um viðbrögð við niðurstöðum úr lesskimunarprófum, sem felist m.a. í gerð einstaklingsáætlana um lestrarnám þeirra nemenda sem þess þurfa skv. ákveðnum viðmiðum.

Til þess að skólar geti sett sér markmið um framfarir hvers einstaks nemanda, þarf að liggja fyrir hver staða nemandans er í samanburði við stóran hóp og almenn viðmið um hvað nemendur í ákveðnum árgangi eigi að hafa tileinkað sér. Skimun sem þessi er leið til að setja slík viðmið og móta stefnu á grunni þeirra. Með skimunarprófum er afmarkaður sá hópur nemenda sem þarfnast aðstoðar á tilteknu námssviði eða námsgrein. Skólastjórnendur geta séð hvar nemendur standa og á grunni þeirra upplýsinga, mótað lestrarstefnu skólans. Kennarar geta nýtt sér skimunina til að móta sér áætlun fram í tímann um vinnuna í bekknum með hverjum og einum nemanda. Þá getur hver nemandi, í samvinnu við kennara sinn og foreldra, mótað sér markmið til skemmri eða lengri tíma á grunni upplýsinga um stöðu sína.

Reykjavíkurborg nýtir sér aðferðir stefnumiðaðs árangursmats og að geta lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar, er einn af mælikvörðum þess. Skólayfirvöld í borginni hafa bæði sett sér lestrarstefnu fyrir grunnskóla og læsisstefnu fyrir leikskóla borgarinnar þar sem áhersla er á læsi í víðu samhengi og samfellu í þjálfun og kennslu máls og læsis frá leikskóla til grunnskóla.

SÉRKENNSLA FYRIR ÞÁ SEM ÞESS ÞURFA

Einn meginhvatinn að reglubundinni lesskimun í 2. bekk grunnskóla í Reykjavík voru niðurstöður úr ítarlegri könnun á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur sem gerð var á árunum 1998–1999. Þar kom fram að áhersla í sérkennslu í lestri væri ekki á yngstu árgangana og að viðmið skorti um val á nemendum í sérkennslu (Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur: Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd, 2000). Niðurstöður úr lesskimun að vori í 2. bekk sem hér liggja fyrir eru liður í þeirri viðleitni að þróa viðmið um val á nemendum í sérkennslu í lestri við lok 2. bekkjar og upphaf 3. bekkjar.

Í sérkennslukönnun sem gerð var árið 2005 kom fram að hlutfallslega flestar sérkennslustundir í lestri væru í 2.-4. bekk. Þetta þótti benda til þess að skólar væru nú að bregðast við niðurstöðum lesskimunar í 1. og 2. bekk með því að beina sérkennslu í lestri að yngri árgöngum (Sigurbjörg J. Helgadóttir o. fl., 2006). Sérkennslukönnun frá 2010 sýndi að sú þróun hefur haldið áfram þar sem mest áhersla nú er á sérkennslu í lestri á yngsta stigi og á miðstigi (Hildur B. Svavarsdóttir o.fl., 2011).

TÆKI

Tækið sem notað er til að meta lestrarfærni nemenda heitir *Læsi, lestrarskimun í 1. og 2. bekk*. Prófið var þýtt og staðfært úr norsku af Guðmundi B. Kristmundssyni og Þóru Kristinsdóttur. Prófið kom út árið 2000 hjá Námsgagnastofnun sem sér um dreifingu þess til skóla. Áður hafði það verið forprófað í 1. og 2. bekk í maí 1999.

Þessi skýrsla hefur að geyma niðurstöður vegna lesskímunar í 2. bekk en *Læsi, lestrarskimun í 2. bekk* hefur að geyma tvö prófhefti fyrir þann aldur. Eingöngu hefur verið unnið úr prófpáttum heftis 2 ásamt viðhorfaspurningum úr hefti 1. Prófpættirnir í hefti 2 kanna fyrst og fremst lesskilning nemenda og mynda þá heild sem kölluð er *lesskímun* í skýrslunni. Prófpættirnir eru fimm og eftirfarandi:

- 1) *lesa setningar og velja mynd,*
- 2) *hlusta og svara,*
- 3) *velja orð út frá samhengi,*
- 4) *lesa og svara spurningum og*
- 5) *lesa fyrirmæli og framkvæma.*

Hver prófpáttur samanstendur af ákveðnum fjölda atriða en samtals telja þættirnir 46 atriði. Í samráði við íslenska höfunda prófsins var í upphafi sett það viðmið að nemandi sem getur leyst a.m.k. 65% atriðanna telst geta lesið sér til gagns. Það eru um 30 atriði af þeim 46 sem prófið metur. Geti nemandi leyst á bilinu 50-64% af prófinu, sem eru á bilinu 23-29 atriði, telst nemandinn vera við það að ná tökum á lestrinum. Nái nemandi hinsvegar ekki 50% árangri, þ.e. geti leyst 0-22 atriði á prófinu, telst hann þurfa á sérstökum stuðningi í lestri að halda.

Ástæða þess að unnið er úr niðurstöðum viðhorfaspurninga er að oft er fylgni er á milli viðhorfa nemenda til lesturs og árangurs þeirra í lesskímun. Eftir því sem viðhorf nemenda eru jákvæðari því betri er árangurinn.

ÞÁTTTAKA

Allir almennir grunnskólar og sjálfstætt starfandi skólar í Reykjavík voru beðnir að senda inn niðurstöður 2. heftis lesskímunarinnar Læsis ásamt svörum við viðhorfaspurningum í 1. hefti. Skímunin var lögð fyrir í apríl 2017 og sendu 32 skólar umbeðnar niðurstöður eins og áður sagði. Árin 2014-2016 sendu sömu 34 skólarnir inn niðurstöður, tveir þessara sendu ekki inn niðurstöður að þessu sinni.

Langflestir nemendanna svöruðu bæði lesskímun og viðhorfaspurningum. Samtals svöruðu 1.462 nemendur lesskímun og 1.282 svöruðu viðhorfaspurningum. Fjöldi nemenda sem svaraði lesskímuninni jafngildir rúmum 87% í 2. bekk í öllum almennum og sjálfstætt reknum grunnskólum Reykjavíkur. Hlutfallið er næstum 7 prósentustigum lægra en árin 2013-2016 en

Þau fjögur ár eru metár hvað þátttöku varðar. Af nemendum sem svöruðu lesskimuninni nú eru stúlkur 754 og drengir 706¹.

FRAMKVÆMD

Lesskimunarprófið var lagt fyrir nemendur á skólatíma. Gert var ráð fyrir að viðhorfasurningar væru lagðar fyrir í febrúar en lögð áhersla á að lesskimunin væri alls staðar lögð fyrir í apríl. Deildarstjórar sérkennslu voru beðnir að hafa umsjón með framkvæmd prófsins og að koma gögnum til úrvinnslu á skóla- og frístundasvið sem fyrst eftir fyrirlögn og eigi síðar en í lok maí. Umsjónarkennarar hvers bekkjar sáu um fyrirlögn og skráningu á sérstakt eyðublað.

ÚRVINNSLA

Í þessari heildarskýrslu er fyrst og fremst gerð grein fyrir niðurstöðum fyrir borgina í heild en einnig á milli borgarhverfa, á milli kynja og á milli skóla. Hver skóli fær síðan skýrslu þar sem fjallað er sérstaklega um niðurstöður viðkomandi skóla.


Í skýrslunni eru niðurstöður settar fram í myndum, texta og einni töflu. Mest áhersla er lögð á *hlutfallsárangur* nemenda í lesskimuninni, þ.e. það hlutfall sem nemendur ná að leysa af prófatriðunum 46. Í skýrslunni er hlutfallsárangurinn þó til einföldunar kallaður *árangur*. Meðaltöl hópa eins og árganga, skóla, kynja og borgarhluta vegna hlutfallsárangurs, eru í skýrslunni kölluð *meðalárangur*. Dreifigreiningu er beitt til að athuga hvort innbyrðis munur á milli hópa sé tölfræðilega marktækur. Í niðurstöðum vegna viðhorfasurninga er notað meðaltal.

¹ Í tveimur tilvikum voru ekki upplýsingar um kyn nemenda.

NIÐURSTÖÐUR

LESSKIMUN

Lesskimunin vorið 2017 er sú sextánda í röðinni². Meginniðurstaðan er sú að 922 nemendur af 1.462, eða rúmlega 63% (63,1%) nemenda, ná a.m.k. 65% árangri á prófinu. Þessir nemendur teljast því samkvæmt skilgreiningu geta lesið sér til gagns. Nemendur sem ekki ná 65% árangri á lesskimanarprófinu eru 540 eða tæp 37%. Á mynd A má sjá hlutfall nemenda sem nær því viðmiði að geta lesið sér til gagns vorið 2017, samanborið við lesskimanir áranna 2002-2016. Á myndinni sést að þegar námundað er að heilli tölu er hlutfall nemenda árið 2017 sem les sér til gagns, 3 prósentustigum lægra en árið 2016³. Hlutfallið nú er það sama og árið 2013 og eru hlutföll þessara tveggja ára þau lægstu síðan árið 2005.




Mynd B sýnir stærð nemendahópa eftir því hvaða árangri nemendur náðu í lesskimuninni árin 2013-2017. Á myndinni er nemendahópnum skipt í þrjá hópa: nemendur sem ná 65% árangri og geta lesið sér til gagns, nemendur sem ná 50-64% árangri og eru við það að geta lesið sér til gagns og nemendur sem ná 0-49% árangri en þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í lestri. Á myndinni sést að niðurstaðan fyrir árið 2017 er svipuð niðurstöðunni árið 2013. Heilt yfir er lítill munur á lestrargetu hópanna tímabilið 2013-2017.

² Allar skýrslur vegna lesskimana eru aðgengilegar á heimasíðu skóla – og frístundasviðs undir „Útgefið efni – Skóla- og frístundasvið“ <http://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/skola-og-fristundasvið>.

³ Nánari greining á þessum hlutföllum er á mynd C síðar í skýrslunni.


Mynd B. Dreifing nem. í mism. þrep eftir árangri árin 2013-2017.



Hópurinn sem nær 50-64% árangri árið 2017 er rúm 19% af öllum þátttakendum í skimuninni og telur 281 nemanda. Þessi hópur er stærri nú en hann var árin fjögur þar á undan. Hópurinn sem ekki nær helmingsárangri (0-49% árangur) er tæp 18% árið 2017 og telur nú 259 nemendur. Þetta er hærra hlutfall en árin 2016 og 2014 en lægra en árin 2015 og 2013.

Á mynd C hefur nemendum verið skipt upp í sjö hópa eftir árangri árin 2017 og 2016 þar sem efri súlurnar fjórar sýna hópa eftir árangri sem er yfir 65% viðmiðinu, en neðri súlurnar þrjár sýna hópa eftir árangri sem er undir 65% viðmiðinu, þ.á.m. hópurinn sem nær 50-64% árangri og er við það að ná tökum á lestrinum. Þar má sjá að árið 2017, eru 11,7% sem hafa náð mjög góðu valdi á lestri í 2. bekk, þ.e. ná 95-100% árangri. Hópurinn er einu og hálfu prósentustigi stærri en hann var árið 2016. Hóparnir sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í lestri, þ.e. þeir sem ná annaðhvort 30-49% árangri eða 0-29% árangri, eru tiltölulega svipaðir að stærð og þeir voru árið 2016. Þannig hefur lítillega breikkað bilið á milli þeirra sem hæstir eru og þeir sem eru lægstir á milli ára og séu staðalfrávik beggja áranna skoðuð kemur líka í ljós að allur hópurinn árið 2017 er lítillega ójafnari að getu en hópurinn sem tók lesskimun árið 2016.

Mynd C. Dreifing nem. í Rvk. í 7 þrep eftir árangri árin 2016 og 2017.




Í töflu 1 má sjá meðalárangur í Reykjavík og í skólum með hæsta og lægsta meðalárangur í hverjum prófþætti lesskimunar árið 2017. Hæsta mögulegan stigafjölda fyrir hvern prófþátt má sjá í sviga eftir nafn tiltekins þáttar. Hæsti meðalárangur í einstökum skóla fyrir alla prófþættina fimm samtals er 84,8%. Lægsti meðalárangurinn er 49,3%.

Tafla 1. Meðalárangur í Reykjavík og í skólum með hæsta og lægsta meðalárangur, í hverjum prófþætti árið 2017.

		Lesi setningar, velja mynd (23)	Hlusta og svara (2)	Velja orð út frá samhengi (6)	Lesi og svara spurningum (5)	Lesi fyrirm.og framkv. (10)	Samtals (46)
Reykjavík	Meðalárangur	70,9%	78,8%	49,0%	54,9%	82,8%	69,2%
Skólar							
	Hæsti meðalárangur	87,7%	89,3%	84,1%	80,0%	94,8%	84,8%
	Lægsti meðalárangur	46,5%	64,9%	25,3%	28,3%	69,6%	49,3%

Meðalárangur í einstökum prófþáttum lesskimunarinnar fyrir árin 2013-2017 má sjá á mynd D⁴. Þar sést að sáralítil munur er í öllum prófþáttum á milli ára, eina undantekningin er árið 2014 í hlusta og svara.


Mynd D. Meðalárangur í Rvk. í einstökum prófþáttum lesskimunar árin 2013-2017.



⁴ Á myndinni eru til einföldunar eingöngu sýnd hæsta gildi tímabilsins sem og áranna 2016 og 2017.


Mynd E sýnir niðurstöður hvers skóla fyrir sig. Hér er nemendum skipt í sömu hópa og á mynd B. Í þeim skóla þar sem fæstir tóku þátt í skimuninni voru nemendur 11 en 89 í þeim skóla þar sem þeir voru flestir. Vegna þess hversu nemendahópar í mörgum skólum eru litlir, er aðeins í örfáum tilvikum tölfræðilega marktækur munur á árangri nemenda á milli skóla.

Mynd E. Dreifing nemenda eftir árangri og skólum árið 2017.




Á mynd F má sjá sömu hópaskiptingu og á mynd B en núna eftir borgarhlutum. Mikilvægt er að hafa í huga að sjálfstætt reknu skólarnir tveir sem þátt tóku í skimuninni, eru staðsettir í Vesturbæ/Miðborg/Hlíðum. Myndir sýnir að hæsta hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns er í Vesturborg/Miðborg/Hlíðum en lægsta hlutfallið er í Breiðholti. Hlutfall þeirra sem getur lesið sér til gagns hefur lækkað á milli árunna 2017 og 2016 í öllum borgarhlutum nema í Breiðholti en þar hefur hlutfallið hækkað um 5 prósentustig á milli ára.

Mynd F. Dreifing nemenda í mismunandi þrep eftir borgarhlutum árið 2017.




Hlutfall stúlkna sem geta lesið sér til gagns árið 2017 er 66% en drengja 60%. Munurinn á hlutföllum kynjanna í ár er því 6 prósentustig líkt og mynd G sýnir og er sá mesti í fjögur ár. Hlutfall beggja kynja sem geta lesið sér til gagns hefur lækkað frá árinu 2016 og hlutfall drengjanna það næstlægsta á 12 árum. Á myndinni sést að öll árin hafa hlutfallslega fleiri stúlkur en drengir getað lesið sér til gagns. Staðalfrávik sýna að meiri dreifing er á árangri drengja en stúlkna.



VIÐHORF TIL LESTURS

Viðhorf nemenda í 2. bekk til lesturs eru mæld með tíu spurningum sem hægt er að svara á bilinu 1 (*leiðinlegt*) til 4 (*mjög ánægjulegt*). Viðhorfin mælast nánast alltaf lægri fyrir árið 2017 en meðaltöl áranna 2002-2016 eins og sjá má á mynd H⁵. Eins og oftast áður finnst nemendum að meðaltali ánægjulegast að byrja á nýrri bók, láta lesa fyrir sig og lesa teiknimyndasögur. Minnsta ánægju hafa nemendur af því að lesa upphátt í skólanum, lesa dagblöð og geta ekki lokið við að lesa bók⁶.

Mynd I. Meðaltöl í Reykjavík í viðhorfaspurningum árið 2017 og meðaltöl áranna 2002-2016.



Meðaltalið úr viðhorfaspurningunum tíu er 3,18 sem er það sama og árið 2016 en lægra en meðaltalið fyrir öll árin 2002-2016 en það er 3,21.

Meðalviðhorf einstakra skóla er á bilinu 2,60 til 3,46. Í gögnunum er fylgni á milli jákvæðara viðhorfs til lesturs og betri árangurs í lesskimun. Í ár er fylgnin hinsvegar ekki marktæk en árið 2016 var hún marktæk. Af þeim fimm skólum sem mælast með jákvæðasta viðhorfið til lesturs eru þrír skólar í efri hluta árangurs í lesskimun en tveir í neðri hlutanum.

Séu þjónustuhverfi borgarinnar borin saman mælast jákvæðastu viðhorfin í Vesturbæ/Miðborg/Hlíðum en minnst jákvæðu viðhorfin mælast í Breiðholti. Stúlkur hafa jákvæðara viðhorf til lesturs en drengir og er það sama niðurstaða og áður. Meðaltal stúlkna

⁵ Hver spurning byrjar á „Hvernig finnst þér...“

⁶ Spurningin „hvernig finnst þér þegar þú getur ekki lokið við bókina?“ er ólík hinum spurningunum að því leyti að í henni felst neikvæð afstaða gagnvart lestri. Í könnuninni merkja flestir við að þeim finnst „leiðinlegt“ að geta ekki lokið við að lesa bók og má færa rök fyrir því að sú afstaða sé jákvæð gagnvart lestri.

árið 2017 er 3,22 en drengja 3,13. Árið 2016 voru stúlkur einnig með meðaltalið 3,22 en drengir með meðaltalið 3,15.

SAMANTEKT

Lesskimun 2017 í 2. bekk var lögð fyrir í apríl og sendu 32 skólar niðurstöður til skóla- og frístundasviðs sem er tveimur skólum færri en árin 2014-2016. Meginniðurstaðan er sú að 922 nemendur af 1.462, eða rúmlega 63%, ná a.m.k. 65% árangri á prófinu og geta því lesið sér til gagns. Hlutfallið er þremur prósentustigum lægra en það var árið 2016 og hið lægsta síðan 2013.

Nemendur sem ekki ná 65% árangri á lesskimunarprófinu eru 540 eða tæp 37% af öllum hópnum. Af þessum 540 er hópur sem nær árangri á bilinu 50-64% en þeir nemendur teljast vera við það að ná tókum á lestrinum. Þessi hópur telur nú 281 nemanda sem jafngildir rúmum 19% af heildinni. Hópurinn sem nær 0-49% árangri þarf samkvæmt skilgreiningu á sérstökum stuðningi að halda í lestri. Fyrir árið 2017 eru í þeim hópi 259 nemendur sem jafngildir tæpum 18% af heildinni. Þetta er hærra hlutfall en árin 2016 og 2014 en lægra en árin 2015 og 2013.

Næstum 12% nemenda nær 95-100% árangri í skimuninni og telst þessi hópur hafa náð mjög góðum tókum á lestrinum. Hópurinn er einu og hálfu prósentustigi stærri en hann var árið 2016.

Í öllum fimm prófpáttum lesskimunarinnar er lítill munur á milli ára tímabilið 2013-2017.

Séu borgarhlutar bornir saman í lesskimuninni sést að hæsta hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns er í Vesturbæ/Miðborg/Hlíðum. Í fjórum borgarhlutum af fimm hefur hlutfall þeirra sem geta lesið sér til gagns lækkað á milli áruna 2017 og 2016 nema í Breiðholti þar sem það hefur hækkað um 5 prósentustig á milli ára.

Um 66% stúlkna í lesskimun 2017 geta lesið sér til gagns og 60% drengja. Munurinn á hlutföllum kynjanna í ár er því 6 prósentustig og er sá mesti í fjögur ár. Hlutfall drengja sem getur lesið sér til gagns er það næstlægsta á 12 árum.

Viðhorf nemenda í 2. bekk til lesturs eru mæld með tíu spurningum. Eins og oftast áður finnst nemendum að meðaltali ánægjulegast að byrja á nýrri bók, láta lesa fyrir sig og lesa teiknimyndasögur. Meðaltalið úr viðhorfaspurningunum tíu er 3,18 sem er það sama og árið 2016 en lægra en meðaltalið fyrir allt tímabilið 2002-2016.

Fylgni er í ár á milli jákvæðara viðhorfs til lesturs og betri árangurs í lesskimun hún er þó ekki marktæk.

Séu þjónustuhverfi borgarinnar borin saman mælast jákvæðastu viðhorfin í Vesturbæ/Miðborg/Hlíðum og þá hafa stúlkur að meðtali jákvæðara viðhorf til lesturs en drengir.

NÝTING NIÐURSTAÐNA

Markmiðið með skimuninni er fyrst og fremst að finna þá nemendur sem þurfa sérstakan stuðning eða sérkennslu í lestri. En markmiðið er einnig að fleiri nemendur nái þeirri lestrarfærni við lok 2. bekkjar, að geta lesið sér til gagns. Til þess að svo megi verða þarf hver skóli að skoða vandlega sína stöðu og nemenda sinna og gera áætlun um lestrarnám og byrjendakennslu í lestri sem miðar að betri árangri einstakra nemenda og þar með hópsins í heild. Þess er vænst að skimunin verði skólum hvati til að leita fjölbreyttra leiða í lestrarkennslu bæði í almennri kennslu og sérkennslu og ýta undir lestur almennt með öllum tiltækum ráðum. Skólar þurfa sérstaklega að huga að árangri milli ára og milli bekkja og leita leiða til að styrkja lestrarkennslu ef einhverju er þar ábótavant.

Áhersla er lögð á einstaklingsáætlun fyrir hvern nemanda sem þarf á sérstökum stuðningi að halda í lestri, en jafnframt minnt á að hægt er að vinna að markmiðum slíkrar áætlunar í getuskiptum hópum. Mentor.is hefur þróað tæki til að skrá áætlanir í lestri fyrir einstaklinga eða hópa og halda utan um framfarir nemenda í lestri. Sérstökum lestrarnámskeiðum er t.d. lýst í kveri sem Ásta Lárusdóttir og fleiri (1991) sömdu og gefið var út af Námsgagnastofnun. Í hugmyndahefti með lesskimunarprófunum *Læsi* eru einnig gagnlegar hugmyndir um hvernig megi styrkja ýmsa þætti lestrarnámsins (Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2000).

Námsgagnastofnun gaf út árið 2009 handbók fyrir kennara yngstu nemendanna sem ber yfirskriftina *Íslenska í 1. og 2. bekk - handbók kennara*. Þar er gengið út frá áherslum aðalnámskrár frá 2007 um heildstæða móðurmálskennslu, fjallað um aðferðir og bent á viðfangsefni sem m.a. má sækja á vefsíðuna *Íslenska á yngsta stigi -veftorg*, á slóðinni <http://www1.nams.is/islyngsta/index.php>.

Víða í skólum er einnig skipulagt lestrarnám í samvinnu við og með þátttöku foreldra. Höfundar lesskimunarinnar *Læsis* tóku saman lítinn bækling fyrir foreldra sem Námsgagnastofnun dreifir til skólanna og foreldra á meðan birgðir endast. Í bæklingnum eru góðar ábendingar til foreldra um hvernig þeir geta stutt við lestrarnám barna sinna (Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2007). Þá má benda á bæklinginn *Leggjum börnum lið... við læsi - leiðbeiningar um lestrarnám* sem Heimili og skóli - landssamtök foreldra gáfu út í samstarfi við Kennaraháskóla Íslands. Þar er að finna ábendingar frá sérfræðingum í lestri til foreldra um hvernig þeir geti stutt við lestrarnám barnanna og hjálpað börnum sínum að ná tókum á auðugu og lifandi tungumáli. Á Foreldravef skóla- og frístundasviðs eru jafnframt ýmsar leiðbeiningar til foreldra um hvernig þeir geti sem best aðstoðað börn sín og veitt þeim stuðning við lestrarnámið (sjá: <http://reykjavik.is/foreldravefurinn>).

Á LesVefnum (<http://lesvefurinn.hi.is/>) eru gagnlegar upplýsingar um læsi og lestrarnám fyrir foreldra, kennara og nemendur. Þar eru jafnframt hagnýtar upplýsingar um lestrarerfiðleika og úrræði til að mæta sem best þörfum allra nemenda. Vefurinn var unninn fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið af sérfræðingum í lestri við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Huga þarf að áframhaldandi lestrarþjálfun og auknum lesskilningi hjá nemendum sem hafa náð grunnfærni í lestri til að þeir geti raunverulega lesið sér til gagns og nýtt sér lesturinn til að afla upplýsinga og meta þær. Benda má á aðferðir sem kynntar eru í ritinu *Fluglæsi: áherslur, stefnumörkun og aðferðir* (Rósa Eggertsdóttir, ritstjóri, 1998), en þar er að finna mjög árangursríkar leiðir til að þjálfra lesskilning og efla námstækni nemenda.

Sem faglegur leiðtogi skólastarfs, þarf skólastjóri að setja enn betri árangur í lestri ofarlega eða efst, í forgangsröð markmiða skólastarfsins. Lestur er grundvallarfærni sem getur haft úrslitaáhrif á allt nám nemandans alla skólagönguna og á líf hans og starf í framtíðinni.

HEIMILDASKRÁ

Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla - Íslenska (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Arnheiður Borg o.fl. (2009). *Íslenska í 1. og 2. bekk - handbók kennara*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Ásta Lárusdóttir, Hafdís Sigurgeirsdóttir og Magnea Ingólfsdóttir (1991). *Lestrarnámskeið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Freyja Birgisdóttir o.fl. (2015). *Fagráð um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum – áfangaskýrsla*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið.

Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir (2000). *Læsi, lestrarskimun í 2. bekk, 1. hefti og 2. hefti*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir (2000). *Læsi, hugmyndahefti*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir (2007). *Lestur er lykill að þekkingu og betri framtíð. Foreldrabæklingur*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hildur B. Svavarsdóttir o. fl. (2011). *Framkvæmd sérkennslu í almennum grunnskólum vorið 2010*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Íslenska á yngsta stigi: Veftorg. <http://www1.nams.is/islyngsta/index.php>. Sótt 23. ágúst 2011.

Lesvefurinn: um læsi og lestrarerfiðleika. <http://lesvefurinn.hi.is/>. Sótt 18. ágúst 2011.

Rósa Eggertsdóttir, ritstj. (1998). *Fluglæsi: áherslur, stefnumörkun og aðferðir í lestrarkennslu*. Akureyri: Skólaþjónusta Eyþings.

Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur: Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd (2000). Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Sigurbjörg J. Helgadóttir o.fl. (2006). *Sérkennslukönnun í almennum grunnskólum vorið 2005*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2015. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Steinunn Torfadóttir (Án ártals). *Leggjum börnum lið... við læsi. Leiðbeiningar um lestrarnám*. Reykjavík: Heimili og skóli - landssamtök foreldra og Kennaraháskóli Íslands.